

FUNDARGERÐ

325. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 3. maí 2022 í fundarsal skrifstofu Úrvinnslusjóðs að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefni framundan
3. Ráðstöfun plastumbúða
4. Frauðplast
5. Flutningsjöfnun
6. Rekstur
7. Skipulag skrifstofu
8. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 324. fundar stjórnar var samþykkt með breytingum.
2. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að óska eftir upplýsinga frá UOL-ráðuneyti um stöðu og gildistöku innleiðingar tilskipana (ESB) 2018/850–2018/852 á hinum Norðurlöndunum.
3. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að upplýsa og afla álits á hvort kröfur til öflunar upplýsinga skv. 1. og 15. gr. laga nr. 162/2002, sbr. 28. gr. og c- og d-lið 38. gr. laga nr. 103/2021, hefðu verið innleiddar með fullnægjandi hætti, hvort nægilegra upplýsinga hefði verið aflað vegna útflutnings slíks úrgangs frá gildistöku framangreindra ákvæða laga nr. 103/2021 og eftir

atvikum hvaða áhrif ófullnægjandi upplýsingaöflun kynni að hafa á heimildir sjóðsins til að inna endurgjald af hendi.

4. Ákveðið var að skrifstofa Úrvinnslusjóðs mundi afla frekari kostnaðargagna vegna tillögu um úrvinnslu frauðplasts, legði nánara mat á áhrif samþykktar tillögunnar á stöðu sjóðsins og frekari umræðu yrði frestað til næsta stjórnarfundar.
5. Ákveðið var að fela ÓK að kynna drög að breytingum á flutningsjöfnun fyrir sveitarfélögum.
6. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman samanburð á virkni fyrra flutningsjöfnunarkerfis og þess sem lagt er til, m.a. hverjir hefðu fengið framlag í formi flutningsjöfnunar og vegna hvaða staðsetninga og hverju greiðslurnar hefðu numið.
7. Ákveðið var að fela ÓK að kynna drög að breytingum á flutningsjöfnun fyrir sveitarfélögum.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 09:15

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Drög að fundargerð 324. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs.

EM lagði til breytingar á umfjöllun um 2. og 5. dagskrárliði og voru þær samþykktar. ÁKVEÐIÐ var að fela BSB og EM að ganga frá orðalagi breytinganna áður en fundargerðin verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar. Að öðru leyti voru gerðardrögin SAMÞYKKT.

Stjórn ræddi þörf á gerð minnisblaðs um skyldur Úrvinnslusjóðs skv. 1. og 15. gr. laga nr. 162/2002, sbr. 28. gr. og c- og d-lið 38. gr. laga nr. 103/2021, m.t.t. skörunar við önnur markmið og skyldur sjóðsins, einkum það markmið laga nr. 162/2002 að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs og aðra endurnýtingu úrgangs. Var í því samhengi rætt um möguleika þess að leita álits utanaðkomandi lögfræðings. Var ítrekuð um leið skoðun stjórnar um mikilvægi þess að lögfræðingur þyrfti að vera meðal starfsmanna Úrvinnslusjóðs.

2. Verkefnin framundan

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir verkefnaáætlun á PP-formi ásamt minnisblaði með skráarheitið *F325 D02 Verkefnaáætlun staða mála 2.3.22*. Þá lágu einnig fyrir drög að samningi við ráðstöfunaraðila og samantekt lagaákvæða um kynningar og fræðslumál.

ÓK fór yfir stöðu verkefna á áætluninni og gerði grein fyrir uppfærslum tímasetninga í ljósi þróunar verkefna. Von væri á afurðum vinnu utanaðkomandi sérfræðinga vegna nýrrar álagningar á gler- mál,- og viðarumbúðir og breytinga á úrvinnslugjaldi af ökutækjum og rafhlöðum. Þá gerði ÓK grein fyrir samskiptum við Skattinn vegna breytinga á álagningar- og upplýsingakerfum, að von væri á viðbrögðum frá UOL-ráðuneyti vegna sérstakrar söfnunar og samskiptum við Umhverfisstofnun vegna

fræðslumála. Að auki gerði ÓK grein fyrir vinnu við gerð nýrra samninga ráðstöfunaraðila.

Stjórn ræddi verkefnin, m.a. kostnað við breytingar á hugbúnaði, fyrirkomulags söfnunar á víðavangi, efni draga að samningi við ráðstöfunaraðila, samráð við hagaðila og kostnaðarábyrgð og nauðsyn á samræmingu útfærslu fræðslumála. Þá ræddi stjórn stöðu vinnu við breytingu á viðauka XVII í lögum nr. 162/2002 en fram kom að vinna við endurskoðun vegna veiðarfæra hefði tafist.

Stjórn ÁKVAÐ að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að óska eftir upplýsinga frá UOL-ráðuneyti um stöðu og gildistöku innleiðingar tilskipana (ESB) 2018/850–2018/852 á hinum Norðurlöndunum.

3. Ráðstöfun plastumbúða

Á rafrænni stjórnargátt lágu fyrir erindi frá Pure North ehf., samskiptum við fyrirtækið og drög að svari þess.

Stjórn ræddi málefnið. EM ítrekaði tillögu frá síðasta stjórnarfundum þess efnis að tekið yrði til athugunar hvort kröfur til öflunar upplýsinga skv. 1. og 15. gr. laga nr. 162/2002, sbr. 28. gr. og c- og d-lið 38. gr. laga nr. 103/2021, hefðu verið innleiddar með fullnægjandi hætti, hvort nægilegra upplýsinga hefði verið aflað vegna útflutnings slíks úrgangs frá gildistöku framangreindra ákvæða laga nr. 103/2021 og eftir atvikum hvaða áhrif ófullnægjandi upplýsingaöflun kynni að hafa á heimildir sjóðsins til að inna endurgjald af hendi. Stjórn ÁKVAÐ að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að afla álits á tillöguefninu.

4. Frauðplast

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lágu fyrir gögn og samskipti milli Sorpu og skrifstofu Úrvinnslusjóðs vegna úrvinnslu frauðplasts og minnisblað skrifstofunnar um málefnið.

Stjórn ræddi málefnið. EM lagði til að tillaga Sorpu yrði samþykkt að hluta. ÁKVEÐIÐ var að skrifstofa Úrvinnslusjóðs mundi afla frekari kostnaðargagna vegna tillögunnar, legði nánara mat á áhrif samþykktar tillögunnar á stöðu sjóðsins og umræðunni yrði frestað til næsta stjórnarfundar.

5. Flutningsjöfnun

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir töflureikniskjal með heitið *Flutningsjöfnun tafla 25.4.2022 DRÖG*.

ÓK gerði stjórnarmönnum grein fyrir álitamálum sem hefðu skapast við útfærslu viðmiðunarpunkti flutningsjöfnunar. Kom m.a. fram að útfærsla breytinganna lægi fyrir í meginráttum en þær þyrfti þó að útfæra fyrir einstaka úrgangsflokka. Vakti ÓK athygli á óvissu um forsendur m.t.t. raunverulegra flutninga og viðmiðunarpunkts flutningsjöfnunar.

Stjórn ræddi málefnið. EM benti á að óljóst væri hvort tillagan kæmi með mismunandi hætti niður á sveitarfélögum. ÓK vakti athygli á að stjórn Úrvinnslusjóðs hefði þegar fallist á grundvallaratriði endurskoðunarinnar. Kom fram að hugmyndir um breytingar snúi eingöngu að fyrirkomulagi og framkvæmd flutningsjöfnunar en ekki kostnaði hverju sinni. HH lagði til að skrifstofu Úrvinnslusjóðs yrði falið að taka saman yfirlit yfir samanburð á virkni fyrra kerfis og þess sem lagt er til, m.a. hverjir hefðu fengið framlag í formi flutningsjöfnunar og vegna hvaða staðsetninga og hverju greiðslurnar hefðu numið. Var tillagan var **SAMÞYKKT**. **ÁKVEÐIÐ** var að fela ÓK að kynna drög að breytingum á flutningsjöfnun fyrir sveitarfélögum.

6. Rekstur

Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað til næsta stjórnarfundar.

7. Skipulag skrifstofu

Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu var gestur á fundi stjórnar. Guðrún kynnti stjórninni drög að verkefnalýsingu vegna vinnustaðargreiningar hjá Úrvinnslusjóði og svaraði spurningum stjórnarmanna. Stjórnarmenn lýstu sýn sinni á viðfangsefnið.

8. Önnur mál

Stjórn ræddi stuttlega fundi með Ríkisendurskoðun vegna stjórnsýsluúttektar stofnunarinnar.

Formaður og varaformaður stjórnar gerðu grein fyrir fundi með formönnum Neytendasamtakanna, Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands um hvernig haga megi samráði um málefni sjóðsins. Málið verður rætt nánar á næsta stjórnarfundum.

Fleira var ekki gert á 325. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 12:20.